

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar vegna hesthúsahverfis á Þórshöfn.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. október 2019 breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. júní 2019.

Í breytingunni felst að 12,5 ha svæði fyrir íbúðarbyggð við Hálsveg austan þéttbýlisins á Þórshöfn er breytt í íþróttasvæði fyrir hesthúsabyggð (Íþ1). Við breytinguna minnkar íbúðarsvæði C úr 31 ha í 18 ha. Áður skilgreind hesthúsabyggð í Alfásundi (Ú6) er felld niður og svæðið verður hluti af opnu svæði til sérstakra nota, (Ú4).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 28. október 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2019